

Aðalfundur hverfisnefndar Naustahverfis.

75. fundur, 17.10.2016

Fundur haldinn í Naustaskóla kl. 20:00 – 21:30

Mættir; Anna Steinunn Þengilsdóttir, Greta Huld Mellado, Þórður Snæbjörnsson

Fundarstjóri og ritari; Anna Steinunn Þengilsdóttir

Gestir á fundinum; Bryndís Björnsdóttir skólastjóri Naustaskóla.

Aðrir gestir voru 2 talsins. Kaffi var í boði Naustaskóla og konfekt í boði formanns.

Dagskrá Aðalfundar hverfisnefndar 2016

1. Skýrsla stjórnar 2015-2016
2. Kosning stjórnar 2016-2018
3. Gestur fundarins; Bryndís Björnsdóttir skólastjóri sýnir nýja íþróttahúsið
4. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar 2015-2016:

Anna Steinunn formaður las upp skýrslu stjórnar og fór yfir helstu mál nefndarinnar síðasta starfsár. **Síðasti aðalfundur Hverfisnefndar var haldinn 15.október 2015.** Það varð mikil endurnýjun í stjórn sl haust en þá gengu úr stjórn 4 af 8 fulltrúum, sem margir hverjir höfðu setið árum saman í nefndinni og unnið ötult og gott starf fyrir hverfið. Stjórn 2015-2016 var skipuð 7 fulltrúum sem eru fyrir utan mig; Gréta Huld Mellado, Kristín Sigurðardóttir og Maron Pétursson sem sátu áfram frá fyrri stjórn og voru öll nýliðar í stjórn frá árinu 2014. Á aðalfundi gengu Guðný Berglind Garðarsdóttir, Herdís Hulda Guðmannsdóttir og Þórður Snæbjörnsson til liðs við okkur. Venja hefur verið fyrir því að boða alla nefndarmenn á fund óháð hvort þeir séu aðal- eða varamenn í stjórn. Á fyrsta fundi eftir aðalfund skipti stjórnin með sér verkum og var Anna Steinunn kosin formaður, Gréta Huld kosin varaformaður, Kristín kosin ritari, Guðný Berglind og Herdís Hulda kosnir meðstjórnendur og Þórður og Maron kosnir varamenn. Þegar um haustið datt einn af nefndarmönnum út vegna veikinda og einn sinnti ekki fundarboðum. Eftir áramót flutti einn úr nefnd burtu úr hverfinu og annar nú í sumar, sem hefur þó starfað með okkur fram að þessum fund. Svo það varð því smá saman fækkun í nefndinni, en við brugðum á það ráð að auglýsa eftir fulltrúum á hverfissíðunni og fengum þá tvo fulltrúa til viðbótar sem gátu verið með í stjórn a.m.k. fram að þessum aðalfund. Áframhaldandi fulltrúar í hverfisnefnd fyrir næsta starfsár eru því 2 og því vantar 5 í nefndina.

Stjórnin hélt 4 formlega fundi þetta starfsárið auk þess að halda vorhátíð Naustahverfis í samstarfi við Naustaskóla. Hafði stjórnin einnig töluverð samskipti á facebook síðu nefndarinnar. Okkar helstu mál í nefndinni sl ár hafa að mestu verið skipulagsmál í hverfinu sem okkur hefur þótt betur megi fara, s.s. umferð og aðgengi við Kjarnagötu, hraðatakmarkandi aðgerðir við hana, gangbrautir og fleira.

Nefndinni barst í haust erindi frá íbúa í hverfinu sem vildi koma á framfæri áhyggjum sínum af hraðakstri í og við kjarnagötu og almennt bara um gagnstéttir, gangbrautir, mokstur og fleira í hverfinu og var erindið tekið fyrir á fundi og sett í fundargerð.

Kjarnagötuhlykkurinn hefur einnig verið til umræðu og vitum við ekki hvort hann þarf að síga í mörg ár eftir ofaníbúrd, en hann hefur verið í þeirri stöðu síðan vorið 2015 eða í 1 og hálf ár.

Dagforeldrar og aðstaða þeirra í hverfinu fékk sitt pláss á fundi eftir að athugasemdir bárust frá dagforeldrum um vöntun á afgirtu leiksvæði.

Einnig var á fundi fjallað um umgengni, skipulag og losun Grenndargámanna við Bónus og þeim málum komið á framfæri.

Önnur mál á könnu hverfisnefndar er að fylgja eftir verkefnum sem eru gerð í samstarfi við bæinn í umhverfisátaki bæjarins. Árlega sendir nefndin frá sér tillögur að verkefnum í hverfinu sem þykja álitleg sem verkefni fyrir umhverfisátak, hverju hverfi er úthlutað árlega um 1.5 miljón króna í þessi verkefni. Í þessu samhengi má helst nefna Ljómatúnsvöllinn sem er tilbúin að því leyti að leiktæki eru komin á svæði rétt við götuna og heljarinnar rennibraut upp á hólnum fyrir ofan. Á milli leiksvæðisins og að hólnum þar sem rennibrautin er óræktað svæði og hinumegin við þann hól að vestan er einnig óræktað svæði og bíður þetta svæði allt uppbyggingaer skipulagið og teikningar löngu tilbúnar.

Vorhátíð Naustahverfis samanstendur af grilli og skemmtilegheitum og hefur hún síðustu tvö ár verið haldin við Naustaskóla og á sama degi og þeirra vorhátíð er. Þar áður var hún haldin í Naustaborgum en þar sem vorið lét standa á sér 2014 að þá var ekki fært upp í Naustaborgir vegna snjóa og kraps. Nú þetta gekk svo glimrandi vel að vera með þetta á sama stað allt saman og skólinn ánægður með það svo við ákváðum að halda þessu bara áfram svona. Við höfum fengið gríðarlega góða styrki frá velunnurum okkar fyrir vorhátíðina og fengið gefins pilsur frá Kjarnafæði, gjafabréf í bónus fyrir því sem okkur vantaði þaðan, grill fengum við lánuð hjá Greifanum og er skemmst frá því að segja að hátíðin kostaði okkur um 15.000 sl vor sem ætti að þykja gott þar sem það runnu niður um 750 pilsur og mikið magn af gosi með. Svo við erum hæstánægð með þetta.

Verkefni næstu stjórnar verða því að fylgja eftir því sem óskað hefur verið eftir að gera svona almennt og einnig að fylgja eftir umhverfisátakinu og vera með vorhátíð í vor.

Okkur í hverfisnefnd finnst verkefni okkar ekki ganga nógu hratt fyrir sig og vildum við sjá meiri framkvæmdir sem við höfum mælt með. En Akureyrarbær er þó alls ekki að gleyma hverfinu. Undafarið ár hefur farið fram þónokkur fegrun í hverfinu, götur og gangstéttir lagaðar og mikið þökulagt og smá saman verið gengið frá við nýbyggingar og á auðum svæðum. Íþróttahúsið var tekið í notkun í haust og kennaraálma skólans á síðasta ári. Leikskólinn var málaður að utan í sumar og ýmislegt gert þar til að betrubæta garðinn, t.d. bætt við rólum.

2. Kosning stjórnar 2016-2018

Samkvæmt hefðinni eiga 7 fulltrúar að sitja í stjórn; Formaður, varaformaður, ritari, 2 meðstjórnendur og 2 varamenn. 2 fulltrúar úr fyrri nefnd sitja áfram; Anna Steinunn sem býður sig fram áfram eftir 2 ára setu í nefndinni og Þórður að byrja seinna árið sitt. Auk okkar þá bauð sig fram Júlíus Freyr Theodórsson sem mætti á fundinn og Þröstur Heiðar sem gat ekki komið þetta kvöld á fundinn. Við erum því 4 sem komin eru og vantar okkur því 3 fulltrúa í viðbót í stjórnina til þess að hún teljist fullmönnuð. Fundurinn er sammála um að finnst ekki möguleiki á að halda framhaldsaðalfund núna þegar jólamánuðurinn er að ganga í garð og mun reyna að fá fleiri til liðs við sig eftir áramótin.

3. Gestur fundarins:

Bryndís Björnsdóttir skólastjóri Naustaskóla sýndi fundargestum nývígt íþróttahús skólans, sem er allt hið glæsilegasta. Íþróttahúsið er stórglæsileg og öll aðstaða til fyrirmyndar og er þessi viðbót við skólann mjög svo góð í alla staði. Við þökkum Bryndísi skólastjóra fyrir að sitja fundinn og taka á móti okkur í Naustaskóla og bjóða upp á kaffi.

4. Önnur mál: Engin önnur mál voru á fundinum og var fundi slitið kl 21:30